

Reglur

sveitarfélagana á Vestfjörðum um stuðningsfjölskyldur

1.kafli Almenn atriði

1.grein *Markmið og markhópur*

Samkvæmt 21.gr. laga um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Við matið er horft til aldurs barns, eðlis og umfangs fötlunar og mats á stuðningsþörf, sem og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu eins og unnt er og að öll samskipti séu eins greið og kostur er, þar á meðal að íslenskt táknmál sé notað þar sem við á og í samræmi við lög þar að lútandi.

Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

2.grein *Inntak þjónustunnar*

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að léttá álagi af fjölskyldu þess og að auka kosti barnsins á félagslegri þáttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að uppeldi barnsins.

Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast að öllu jöfnu við sólarhringsþjónustu en semja má um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar sem fer eftir aðstæðum í hvert og eitt sinn. Viðmið við tímalegnd þjónustunnar skal að jafnaði ekki vera lengra en fjórir sólarhringar á mánuði. Við sérstakar aðstæður er unnt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og þá allt að sex sólarhringum á mánuði. Slík undanþága er ekki veitt nema að undangengnu faglegu mati á aðstæðum barnsins og stuðningsfjölskyldu.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón með fleiri en tveim fötluðum börnum í senn nema ef um systkini er að ræða.

3.grein *Hverjir eiga kost á þjónustu*

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélagini eða innan þess þjónustusvæðis sem ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar.

Þjónustan getur einnig staðið til boða fyrir fatlaða einstaklinga, 18 ára og eldri, hafi samningur verið gerður þar að lútandi.

4.grein *Val á stuðningsfjölskyldu*

Félagsþjónustusvæðið ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu á grundvelli 1.mgr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Í ábyrgðinni felst að ákvörðun um val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á:

SL. OM. AS.

Við val á stuðningsfjölskyldu er leyfi veitt:

- Á grundvelli umsóknar þar að lútandi.
- Gengið til samninga við tiltekna fjölskyldu .

Áður en ákvörðun er tekin um að ráða viðkomandi fjölskyldu þurfa eftirfarandi gögn að hafa borist viðkomandi Félagsþjónustu:

- a) Búsetuvottorð
- b) Heilbrigðisvottorð
- c) Staðfesting um að þjónustuþegi sé tryggður.
- d) Samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að félagsþjónustan afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram komi hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXIL.kafla almennra hegningarlaga.
- e) Samþykkis forráðamanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga og heilbrigðisfulltrúa.
- f) Staðfestingar um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- g) Staðfests yfirlits af starfi með börnum.
- h) Upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni annað hvort fótluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.

Forráðamenn innan stuðningsfjölskyldu þurfa að ná 23 ára aldri að lágmarki, nema sérstakar aðstæður séu og þarf þá viðkomandi félagsþjónustusvæði að taka ákvörðun um það.

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin fer félagsmálastjóri eða starfsmaður í umboði hans, metur aðstæður á heimili stuðningsfjölskyldu og skrifar umsögn að loknu mati. Umsækjanda skal kynnt umsögnin og gefinn kostur á að koma að athugasemdum .

Sé þjónusta stuðningsfjölskyldu sótt milli sveitarfélaga eða þjónustusvæða skal samstarf vera á milli þeirra um athugun. Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags barnsins er eftir sem áður ábyrgðaraðili við framkvæmd þjónustunnar.

Í leyfisbréfi skal það tekið skýrt fram að forráðamenn stuðningsfjölskyldu skulu tafarlaust tilkynna allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar. Við endurnýjun leyfis er metið hvort leggja beri fram ný gögn eins og um nýja umsókn sé að ræða. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en þrjú ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar, auk þess sem félagsmálastjóri eða starfsmaður hans skulu hafa heimsótt heimilið á því tímabili.

2.kafli

Umsóknir

5.grein

Ferli umsókna og framkvæmd

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu sækja um það hjá félagsþjónustu lögheimilis-sveitarfélags síns á þar til gerðum eyðublöðum þar sem fram kemur aldur, fótluun barns, fjölskyldu-aðstæður o.s.frv.

Allar umsóknir eru afgreiddar hjá viðkomandi félagsþjónustusvæði. Lagt er mat á umsóknir, magn þjónustunnar ákveðið og tímalengd samningsins.

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan sex vikna frá því að umsókn berst félagsþjónustunni. Ef umsóknin er sett á biðlista er umsækjenda tilkynnt það bréflega. Í synjunarbréfi skal bent á rétt til þess að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um málskotsrétt.

Endurskoðun á framkvæmd þjónustunnar skal eiga sér stað eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti.

6.grein

Form samnings og samningsfjárhæðir

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og grein gerð fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og viðkomandi félagsþjónustu.

Heimilt er að segja samningnum upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara. Í samningnum kemur fram fjöldi sólarhringa á mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila og verkefni stuðningsfjölskyldunnar.

Samningsfjárhæð tekur almennt til þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskylda veitir hverju sinni. Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskylda á heimili barns ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið.

- Börn með umönnunarmat 1.fl. fá 2 – 4 sólarhringa á mánuði.
- Börn með umönnunarmat 2. fl. fá 2 – 4 sólarhringa á mánuði.
- Börn með umönnunarmat 3. fl. fá 1 – 2 sólarhringa á mánuði.
- Börn með umönnunarmat í 4. og 5. flokki eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu. Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá því ákvæði.

Í samningnum kemur samningsfjárhæðin fram og ákvæði um hvernig kostnaður skuli greiddur vegna hvers konar afþreyingar. Stuðningsfjölskyldu er greitt samkvæmt verktökusamningi við félagsþjónustusvæðið nema sérstaklega sé samið um annað. Samningsfjárhæðin tekur mið að þjónustumagni mældu í sólarhringum en í undantekningartilfellum er hægt að greiða í klukkustundum.

Stuðningsfjölskyldu er óheimilt að taka við greiðslu eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar og kemur það fram í samningnum.

3.kafli

Málsmeðferð

7.grein

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda og/eða aðstandenda eftir því sem unnt er.

8.grein

Upplýsingamiðlun

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa sveitarfélag barnsins og forráðamenn þess um allt það sem upp kemur á meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins.

Félagsþjónustusvæði ber ábyrgð á því að stuðningsfjölskylda fái viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt varðandi velferð barnsins, þar á meðal ef barn er með óþol gagnvart tilteknum fæðutegundum, ofnæmi fyrir dýrum eða annað af þeim toga.

TH
Oms

9.grein

Varðveisla gagna, trúnaður og varðveisla ganga

Stuðningsfjölskylda skal undirrita trúnaðaryfirlýsingu varðandi upplýsingar um barnið og fjölskylduhagi þess. Á sama hátt skulu forráðamenn barns undirrita trúnaðaryfirlýsingu varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að þjónustu líkur.

10.grein

Málskot

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið ákvörðun félagsþjónustusvæðisins til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst ákvörðunin.

Sambykkt á fundi á Ísafirði þann 4. apríl 2013,

stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks ses,

Albertína F. Elíasdóttir
Albertína F. Elíasdóttir, formaður

Friðbjörg Matthíassdóttir
Friðbjörg Matthíassdóttir

Sigurður Pétursson
Sigurður Pétursson

Omar Már Jónsson
Omar Már Jónsson

Sveinn Ragnarsson
Sveinn Ragnarsson